



Íþróttir og önnur tómstundaiðja fyrir börn og unglinga á Akureyri

Sport and leisure activities for children in Akureyri

Foreldrar geta ráðstafað tómstundaávisunum Akureyrarbæjar beint til þeirra félagsamtaka sem sjá um íþróttar – og tómstundaiðju fyrir börn og unglinga.

Íþróttir



Íþróttafélagið Draupnir er lítið íþróttafélag og þar er boðið upp á þjálfun í júdó fyrir alla aldursflokka. Draupnir starfar undir merkjum **KA** og eru æfingar í íþróttasalnum við Laugargötu. <http://draupnirsport.is/> / <http://www.ka.is/>



Fimleikafélag Akureyrar er með aðsetur í íþróttamiðstöðinni við Giljaskóla. Þar er boðið upp á almenna fimleika og áhaldafimleika fyrir alla aldurshópa. Æfingagjöld fyrir hvora önn eru borguð í þrennu lagi. <http://www.fimak.is/is>

Dansskóli Steps (Steps Dancecenter Akureyri), Tryggvabraut 24, 2. hæð. Boðið er upp á dansnám fyrir stelpur og stráka frá 2ja ára aldri. Jazz, street & hip hop. Netfang: stepsakureyri@gmail.com
<https://www.facebook.com/stepsdancecenterak>

Dansstúdíó Alice – Dansskóli Akureyri, Skólastígur 4, Akureyri. Sími: 849-8130

Netfang: dansstudioalice@gmail.com / [Http://dsa.is](http://dsa.is)
<https://www.facebook.com/dansstudioalice/photos/p.2318356801544947/2318356801544947/?type=1&theater>



Hjá **Íþróttafélaginu KA** er boðið upp á æfingar í handbolta, fótbolta, blaki og tennis/badminton fyrir börn og unglinga. Þátttakendum er skipt eftir aldri í æfingahópa sem starfa skv. stundaskrá á veturna. <http://www.ka-sport.is/>



Karatefélag Akureyrar er ungt félag í mótun en markmiðið er að bjóða upp á góða karatekennslu fyrir alla aldurshópa. Markið hvers og eins á að snúast um persónulegar framfarir og ekki er áhersla á keppnir. Börnum á grunnskólaaldri er skipt í þrjá hópa eftir aldri. http://karateakureyri.is/?page_id=2



Skautafélag Akureyrar hefur aðsetur sitt í Skautahöllinni, Naustavegi 1. Þar er boðið upp á æfingar í listhlaupi, íshokki og krullu. Starfsemi Skautafélagsins er á tímabilinu september – apríl ár hvert. <http://www.sasport.is/>



Æfingar **Skíðafélags Akureyrar** eru í Hlíðarfjalli. Þegar iðkendur hafa greitt æfingagjöld fá þeir afhent vetrarkort í Hlíðarfjall sem er innifalið í æfingagjöldum. Nýir iðkendur sem eru 11 ára og yngri í alpa-, göngu- og brettum borga hálf æfingagjald fyrsta árið. <http://www.skidi.is/>



Sundfélagið Óðinn er með æfingar bæði í Sundlaug Akureyrar og Glerárlaug. Boðið er upp á sundþjálfun barna frá fjögurra ára aldri og síðan fyrir alla aldurshópa. Nýir iðkendur fá tveggja vikna reynslutíma en síðan eru æfingagjöld innheimt fyrirfram fyrir tvo mánuði í senn. <http://www.odinn.is/is/forsida>



UFA býður upp á frjálssípróttæfingar fyrir alla aldurshópa allan ársins hring. Í yngstu hópunum er lögð áhersla á leik og fjölbreyttar æfingar en frá 9-10 ára aldri er farið að æfa markvisst einstakar greinar, t.d. hlaup, köst og stökk. Í unglingahópnum verður sérhæfingin síðan enn meiri. <http://www.ufa.is/>



Íþróttafélagið Þór er með aðsetur í Þórsheimilinu Hamri við Skarðshlíð. Þar er boðið upp á þjálfun í handbolta, körfu, fótbolta og taekwondo. Þátttakendum er skipt eftir aldri í æfingahópa sem æfa skv. æfingatöflu hvers hóps. <http://www.thorsport.is>



Íþróttafélagið Eik vill veita öllum tækifæri til þátttöku í íþróttum og eru félagsmenn í Eik bæði fatlaðir og ófatlaðir og allir velkomnir. Flestir leggja stund á boccia en auk þess eru iðkaðar aðrar íþróttagreinar, t.d. sund og frjalsar íþróttir. <https://www.facebook.com/IbrottafelagidEik>



Íþróttafélagið Akur er opið bæði fötluðum og ófötluðum sem vilja æfa þær greinar sem félagið býður upp á. Helstu íþróttagreinar eru boccia, bogfimi, borðtennis, dans og frjalsar íþróttir. Íþróttafélagið Akur hefur aðstöðu í húsnæði Sjálfsbjargar í Bjargi við Bugðusíðu. <http://www.bjargendur.is/is/akur>



Skáklfélag Akureyrar er með aðstöðu í Íþróttahöllinni á Akureyri, gengið inn á vestan. <https://skakfelag.blog.is/blog/skakfelag/>
Skáklfélagið er með skákæfingar fyrir börn og unglinga á veturna og heldur utan um skólaskákmót.

Skátastarf



Skátastarf á sér langa sögu á Akureyri. Yngstu skátahóparnir eru fyrir 7-9 ára og síðan eru hópar fyrir 10 – 12 ára, 13 – 15 ára og 16 – 22 ára. Heimaaðstaða Klakks er að Hömrum, rétt norðan við Kjarnaskóg en félagið á einnig þrjá skála í nágrenni Akureyrar sem notaðir eru til útivistar og gistingar. <http://www.klakkur.is/>

Kristilegt starf



Í Akureyrarkirkju og í Gleráarkirkju er boðið upp á kirkjustarf fyrir börn og unglinga frá 6 – 9 ára og frá 10 – 12 ára. Starfið er lifandi og skemmtilegt, farið í leiki, fönðrað og kenndar biblíusögur og bænir. Æskulýðsfélag Akureyrarkirkju er síðan fyrir



nemendur sem komnir eru í 8. bekk og eldri. <http://www.akirkja.is/page/barna-og-aeskulydsstarf> og <http://www.glerarkirkja.is/is/safnadarstarf/born-og-unglingar>



KFUM og KFUK er með fundi fyrir krakka og unglinga í húsnæði félagsins í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð. Húsið er opið í hálf tíma fyrir fundi og þá er hægt að spila á spil, leika í fótboltaspili, skoða blöð, spjalla saman o.fl. Yngri deildin er fyrir 9 – 12 ára og unglingadeild er fyrir 13 – 16 ára. Fundir eru einu sinni í viku með fjölbreyttri dagskrá sem er í senn skemmtileg, fróðleg og uppbyggjandi.

<http://www.kfum.is/starfsstodvar/kfum-og-kfuk-a-akureyri/>




Hjalpræðisherinn á Akureyri er til húsa að Hvannavöllum 10. Þar er boðið upp á fjölbreytt barna- og unglingastarf, fyrir nemendur 1.-7. Bekkar og fyrir nemendur í 8. bekk og eldri. Fundir yngri hópsins eru á þriðjudögum kl. 17 – 19 og þar er sungið, hlustað á sögur, farið í leiki o.fl. Fundir eldri hópsins eru á fimmtudögum kl. 19:30 – 22:00. Unglingarnir hafa margt skemmtilegt fyrir stafni og alltaf eru einhverjir valkostir í boði. http://www.herinn.is/no/starf_hjlptraishersins/akureyri/

Tónlist og myndlist



Myndlistaskólinn á Akureyri býður upp á námskeið fyrir börn og unglinga. Kennd eru undirstöðuatriði teikunar, mótunar og málunar auk tölvuteikunar. Áhersla er á að öll börn hafi hæfileika til að skapa, upplifa og njóta lista.

<http://myndak.is/namskeid.html>



Tónlistarskólinn á Akureyri býður börnum og unglingum upp á fjölbreytt nám í hljóðfæraleik. Í Suzukideild skólans er kennt á fiðlu og fleiri strengjahljóðfæri. Áherlsa er bæði á einkakennslu og samspil nemenda í hópum.
<http://www.tonak.is/is/forsida>



Tónræktin – tónlistarskóli. Hjá Tóntæktinni er kennt í formi námskeiða sem standa yfir í 14 vikur á haustönn og 14 vikur á vorönn og er kennt einu sinni í viku. Lögð er áhersla á samspil nemenda í litlum hópum sem raðað er í eftir aldri og getu.
<http://www.tonraektin.is/>

Námskeið og tómstundaframboð á sumrin / summer activities



Golfklúbbur Akureyrar eru með golfskóla fyrir krakka á aldrinum 6 – 14 ára sem vilja læra grunntækni golfsins á skemmtilegan hátt. Skipt er í hópa eftir aldri og kunnáttu. Hvert námskeið er í vikutíma á sumrin og kennt frá kl. 9:00 – 12:00. Hægt er að fá lánaðar klyfur á staðnum. <http://www.gagolf.is/is/born-og-unlingar/golfskoli>



Siglingaklúbburinn Nökkvi er með siglinga og sjósportnámskeið á sumrin fyrir krakka frá 8 ára aldri. Kennt er í 3 tíma í senn, fyrir hádegi frá 9:00 – 12:00 og eftir hádegi frá 13:00 – 16:00. Hvert námskeið er ein vika. Krakkarnir koma með nesti og aukaföt og í pollagalla og stígvélum. <http://nokkvi.iba.is/>

Kids riding courses:



Hestamannafélagið Léttir býður upp á reiðnámskeið fyrir börn og unglinga.
<https://www.facebook.com/hestamannafelagid.lettir>



Hestaleigan Kátur er staðsett í um 5 mínútna fjarlægð frá Akureyri, austan við Eyjafjarðarána. Þar er líka reiðskóli. Hvert námskeið er frá þremur og upp í fimm daga og þau eru ætluð 7 ára börnum og eldri. Einnig er boðið upp á námskeið fyrir 10 ára og eldri og þá sem eru vanir hestum og reiðmennsku. Oftast eru námskeiðin frá kl. 8:00 – 12:00.

<http://www.hestaleiga.is/>



Íþróttta – og leikjaskóli KA. KA býður upp á íþróttta- og leikjaskóla á sumrin.
<http://www.ka.is/>



Markmið Íþróttta- og tómstundaskóla Þórs er að bjóða upp á fjölbreytta íþróttta- og tómstundaiðkun. Boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni, t.d. sund, hjólatúra, jöruferðir, feimleika, boltaíþróttir, fjrálsar íþróttir, leiki, föndur og gönguferðir.
<http://www.thorsport.is/thorsport/default.aspx>



Háskólinn á Akureyri hefur boðið börnum á miðstigi grunnskóla upp á vikunámskeið undir heitinu **Vísindaskóli unga fólksins. Vika vísinda og ævintýra**. Vísindaskólinn er í júnímánuði og er auglýstur í sjónvarpsdagskrám bæjarins.



Að Ástjörn eru starfræktar sumarbúðir sem byggja á kristilegum gildum. Í hverjum flokki eru 6 – 12 ára krakkar og eru um 30 -70 í hverjum hópi. Dvöl í sumarbúðunum er frá 8 – 10 dagar. Einnig er boðið upp á unglingaviku í ágúst. Viðfangsefni eru af ýmistum toga, t.d. eru bátar á vatninu og aðstaða fyrir íþróttaiðkun. Einnig eru kvöldvökur, biblíutímar o.fl. <http://astjorn.is/>



Sumarbúðir KFUM og KFUK eru staðsettar innarlega í Eyjafriði. Dagskráin er fjölbreytt, s.s. bátsferðir, veiði leikir af ýmsu tagi. Á hverjum degi fer fram einhver fræðsla um kristna trú og á kvöldin eru kvöldvökur. Hóparnir eru aldursskiptir og flestir eru kynskiptir en einnig eru hópar sem eru bæði fyrir stelpur og stráka. Í hverjum flokki eru mest 34 börn.
<http://www.kfum.is/sumarstarf/holavatn/>

